

### Aldraðir í umferðinni

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur áratugum saman unnið að umferðarforvörnum. Rannsóknanefnd umferðarslysa hefur bent á það að umferðaslysum eldri borgara hefur ekki fækkað eins og hjá öðrum hópum, og því er ástæða til að skoða sérstaklega aðstæður þeirra í umferðinni.

Af þessu tilefni gerði Slysavarnafélagið Landsbjörg könnun þar sem 400 eldri borgarar, 67 ára og eldri, fengu sendan spurningarlista. 176 svör bárust og er það 44% svörun.

Fyrir marga eldri borgara er bíllin nauðsynlegur til að komast á milli staða, því er það vandmeðfarið mál ef hæfni viðkomandi til að keyra hefur minnkað.

Flestir finna það sjálfir að geta þeirra til að aka hefur minnkað og hætta að keyra. Hvað á einstaklingur sem finnur að hann getur ekki keyrt lengur að gera? Þjóðfélagið verður að bjóða uppá úrræði eins og ódýrar og góðar almenningssamgöngur eða niðurgreidda leigubílaþjónustu svo hægt sé að leggja bílnum.

Vegakerfið hefur breyst mikið á undanförunum árum og ný umferðarmerki bæst við og alskonar slaufur þannig að það er vandratsað í borgum og bæjum landsins. Eins og einn eldri borgari skrifaði og benti réttilega á tók eldra fólk í dag bílpróf þegar vinstri akstur var við lýði og aðstæðurnar voru allt aðrar. Árið 1950 var hraðinn á þjóðvegum kannski 60 – 70 km/klst. En nú finnst honum hann bara fyrir á leiðinni á Selfoss ef hraðinn er ekki 110 km/klst.

Spurningarlistinn samanstóð af 49 krossaspurningum og einni opinni spurningu þar sem fólk gat komið skoðun sinni um umferðina á framfæri með sínum eigin orðum.

Karlmenn voru 62% svarenda og konur 38% . Rúmlega helmingur þeirra sem svöruðu býr á höfuðborgarsvæðinu

Margar góðar athugasemdir komu fram og fólk hafði almennt áhyggjur af of miklum hraða á þjóðvegum og vildi þungaflutninga af þjóðvegum.

Tillitsleysi í umferðinni var einnig það sem fólk var ekki ánægt með. “*Það eru alltof margir bílar á götum borgarinnar, hraðinn hryllingur og gáleysið og virðingarleysið hörmung*” “*Mikilvægt er að auka tillitsemi í umferðinni en skortur á henni er hvítleiður galli á íslenskum öikumönnum*” “*Frekja og yfirgangur í umferð er leiðin til glötunar.*”

Flestir vildu sjá aukna löggæslu á þjóðvegum landsins, eins og kom fram meðal annars í skrifum þessa mans “*Vegaeftirlit lögreglu þyrfti að vera miklu meira og strangara. Sektir fyrir umferðarlagabrot þyrftu að vera hærri og ökuleyfissviptingar tíðari við alvarleg brot.*”

Dagbjört H Kristinsdóttir  
hjúkrunarfræðingur  
Slysavarnafélagið Landsbjörg